

## AUGLÝSING

### um samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2014.

Hinn 28. mars 2014 var undirritað í Reykjavík samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2014. Alþingi hafði með þingsályktun nr. 20/143 hinn 12. maí 2014 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 28. mars 2014.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytinu, 7. október 2021.*

F. h. r.

**Martin Eyjólfsson.**

\_\_\_\_\_  
*Anna Jóhannsdóttir.*

### Fylgiskjal.

#### SAMKOMULAG milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands.

Í samræmi við 3. mgr. sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2014 milli Rússneska sambandsríkisins, Evrópusambandsins, Íslands og Noregs 4.–6. febrúar 2014 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars. Í framhaldi af því og fyrri fundum sem haldnir voru í London hafa aðilar komið sér saman um að ganga frá þessu sérstaka samkomulagi með tölvupósti.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2014 heimilt að veiða 60.722 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen eða í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 11.299 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er á árinu 2014 heimilt að veiða allt að 29.425 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands.

Í því tilviki að íslensk fiskiskip veiða minna en 8.370 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N á árinu 2014 mun Noregur færa 419 lestir af síldarkvóta sínum á árinu 2015 til Íslands.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Reykjavík, 28. mars 2014.

Fyrir hönd íslensku  
sendinefndarinnar:

.....  
Kristján Freyr Helgason

Fyrir hönd  
norsku sendinefndarinnar:

.....  
Sigrun M. Holst

**ARRANGEMENT**  
**between Iceland and Norway on access to the Norwegian Economic Zone**  
**North of 62°N, the Fishery Zone around Jan Mayen and**  
**the Icelandic Exclusive Economic Zone**

In accordance with paragraph 3 of the Agreed Record of Conclusion of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2014 between the Russian Federation, the European Union, Iceland and Norway of 4–6 February 2014, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded. As a continuation of this and previous meetings held in London, the parties have agreed to finalize this ad hoc arrangement by e-mail.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2014 to fish 60,722 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62°N, of which a maximum of 11,299 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2014 to fish 29,425 tonnes of herring in the Icelandic Exclusive Economic Zone.

In the event that Icelandic fishing vessels catch less than 8,370 tonnes of herring in the Norwegian Economic Zone north of 62°N during 2014, Norway will transfer 419 tonnes of its herring quota for 2015 to Iceland.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Reykjavik, 28 March 2014

For the Icelandic  
Delegation

For the Norwegian  
Delegation

.....  
Kristjan Freyr HELGASON

.....  
Sigrun M. HOLST